

Miðvikudaginn 5. desember 1979.

Nr. 93/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkis-
saksóknari)

gegn

Karli Laxdal Marinóssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Tolllagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Af hálfu ákærvalds er lagt til grundvallar, að kaupverð myndavélar þeirrar og linsna, er ákærði er sakaður um að hafa flutt inn í landið 4. október 1976, hafi numið 1.930 norskum krónum, þ. e. 2.410 krónur ÷ afsláttur 480 krónur. Með vísun til raka héraðsdóms ber að telja, að verðmæti varnings þessa hafi verið meira en nemur hámarki því, sem farþega var heimilt að flytja inn tollfrjálst samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 362/1975, er þá gilti, sbr. síðar reglugerðir nr. 151/1978 og 388/1979. Bar ákærða því að framvísa varningi þessum til tollafgreiðslu, sem auðkennd er með rauðu skilti, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 362/1975. Samkvæmt sakargögnum gekk ákærði um tollafgreiðslu, auðkennda með grænu skilti og ætluð þeim, sem eigi telja sig hafa meðferðis tollskyldan varning. Varðar háttsemin hann refsingu samkvæmt 1. mgr. 60. gr. laga nr. 59/1969, sbr. lokamgr. 6. gr. reglugerðar nr. 362/1975, svo og 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. sömu laga, en ákvæðum 2. gr. laga nr. 71/1976 verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir atvikum þykir mega sitja við niðurstöðu héraðsdóms um eignarupptöku, sbr. 72. gr. laga nr. 59/1969. Það athugast, að í lokamgr. 6. gr. reglugerðar nr. 362/1975 er

mælt fyrir um skyldubundna eignarupptöku. Gengur það ákvæði í berhögg við 72. gr. laga nr. 59/1969, er kveður svo á, að heimilt sé, en eigi skylt, að dæma varning upp-tækan, sem er ólöglega fluttur inn í landið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera órösk-uð. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Karl Laxdal Marinósson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun talsmanns síns, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. júní 1978.

Ár 1978, föstudaginn 2. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómsara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 235/1978: Ákæruvaldið gegn Karli Laxdal Marinóssyni, sem tekið var til dóms 27. apríl sl.

1. Málið var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 13. desember sl., gegn ákærða, Karli Laxdal Marinóssyni deildarfulltrúa, Kaplaskjólsvégi 5, Reykjavík, fæddum 23. maí 1944 á Akureyri, fyrir smygl með því að hafa við komu til Keflavíkurflugvallar 4. október 1976 frá Osló flutt inn í landið án þess að gera tollyfirvöldum grein fyrir því nýja Minolta myndavél (nr. 4302809) og tvær nýjar Minolta linsur (nr. 1021135 og 1527086), sem ákærði hafði keypt þennan sama dag í Osló, en í greint sinn gekk ákærði um hlið merkt grænu skilti með áletruninni: „Engin tollskyldur varningur.“ Tollgæslan lagði síðan hald á nefndan varning við komu ákærða hingað til lands á ný 25. maí 1977.

Telst þetta varða við 60. gr., sbr. 61. gr. og 71. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969 og 1. gr. og 6. gr. reglugerðar um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum nr. 362/1975.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á framangreindri myndavél, linsum og fylgihlutum samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit og 6. gr. i. f. reglugerðar nr. 362/1975 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

2. Í skýrslu Jóns A. Snælands tollvarðar greinir, að miðvikudaginn 25. maí 1977 hafi hann verið við tollskoðun „í grænu hliði“ við komu flugvélar frá Osló. Ákærði kom þá í hliðið með myndavélatösku, sem í voru Minolta myndavél, SRT 101, ser. no. 4302809, ásamt linsu, 2.8 100 mm, og annarri linsu, 2.8 35 mm. Ákærði tjáði tollverðinum, að hann hefði keypt vélina úti í Noregi fyrir um 1 ári og aldrei tollafgreitt hana. Ákærði kvaðst hafa tryggt vélina, áður en hann fór með hana úr landi, og eiga heima bæði ábyrgðar- og tryggingarskírteini. Tollgæslan lagði hald á varninginn, þar sem ekki var sjáanlegt, að myndavélin væri notuð, og verðmæti hennar of mikið til að hún nyti tollfrelsis.

2. júní sl. kom ákærði til yfirheyrslu á skrifstofu tollgæslunnar. Ákærði skýrði þá svo frá, að hann hefði keypt myndavélina ásamt linsunum í Noregi 4. október 1976 og hafi verið verið 2.600 norskar krónur. Ákærði kom til Keflavíkurflugvallar samdægurs. Kvaðst ákærði hafa haft myndavélina á öxlinni í tösku, er hann fór í tollskoðun, og var engin athugasemd gerð. Ákærði kvaðst hafa farið aftur til Noregs og Svíþjóðar 29. apríl f. á. og hafði vélina og linsurnar meðferðis. Er ákærði kom aftur til landsins, var hald lagt á vélina og linsurnar.

Tollgæslustjóri sendi mál þetta til yfirsakadómarans í Reykjavík 11. júlí sl., án þess að skýrsla sú, er ákærði gaf hjá tollgæslunni, fylgdi. Sakadómur Reykjavíkur framsendi málið rannsóknarlögreglu ríkisins 14. s. m. Rannsóknarlögreglan sendi málið til ríkissaksóknara með bréfi 20. s. m. Ríkissaksóknari endursendi rannsóknarlögreglunni gögn málsins með bréfi 15. ágúst sl. með kröfu um frekari rannsókn, „eins og gögn gefa tilefni til, en einkum með hliðsjón af því, að kærði hefur eigi verið yfirheyrður um sakarefnið.“

1. september sl. kom ákærði til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Þá skýrði ákærði svo frá, að hann hefði flutt til Osló árið 1970 og dvalist þar til júlí 1974, er hann fór heim og

flutti með sér búslóð sína. Ákærði kvaðst á árunum 1974—1976 hafa verið meira og minna við nám og störf í Noregi og Svíþjóð. Myndavél þá, sem málið snýst um, kvaðst ákærði hafa keypt 4. október 1976 fyrir 2.600 norskar krónur í Noregi. Samdægurs fór ákærði heim með vélina. Ákærði kvaðst hafa gengið í gegnum „græna hliðið“ hjá tollgæslunni á Keflavíkurlflugvelli. Ákærði sagði tollverðina enga athugasemd hafa gert, „enda taldi ég mig ekki vera með tollskyldan varning, þar sem ég hef á undanfórnum 10 árum gengið um flughafnir með tvær myndavélar, sem ég hef átt, án athugasemda tollvarða.“ Ákærði sagði síðan, að hann hefði farið í náms- og vinnuferð til Svíþjóðar og Noregs í fyrravor og haft þá með sér margnefnda vél. Ákærði kvaðst við heimkomuna hafa gengið með vélina um öxl sem fyrr og í gegnum „græna hliðið“. Ákærði sagði tollverði þá hafa lagt hald á vélina, þar eð þeir töldu hana ónotaða.

Málið var sent á ný til ríkissaksóknara 19. s. m., og með bréfi, dagsettu 26. s. m., heimilaði ríkissaksóknari dómssátt í málinu.

8. nóvember sl. neitaði ákærði í dóminum að ljúka málinu með dómssátt á þeim forsendum, að hann teldi sig eigi hafa brotið ákvæði tolllaga við komu til landsins 25. maí sl., þar sem hann hefði þá framvísað myndavélinni og linsunum ótilkvaddur við tollverði í „græna hliðinu“ með því að leggja hlutina ásamt öðrum farangri á borð það, sem tollvörðurinn stóð við. Með þessu kvaðst ákærði telja sig hafa framvísað myndavélinni og ofangreindum linsum. Að öðru leyti vildi ákærði vísa til framburðar síns hjá rannsóknarlögglunni.

Auk framangreindra skýrslna hafa verið lögð fram í málinu 3 ábyrgðarskírteini og einn vörureikningur frá Kamera-service, Karl Johans gate 5, Osló, Noregi. Samkvæmt gögnum þessum hafa munir þeir, sem tollgæslan lagði hald á, verið keyptir 4. október 1976. Samkvæmt vörureikningnum, sem ákærði lagði fyrst fram í dóminum 8. nóvember sl., var kaupverð vélarinnar og linsanna 2.410 norskar krónur. Frá því kaupverði var síðan dreginn 20% staðgreiðsluafsláttur að fjárhæð 480 norskar krónur, mismunur 1.930 norskar krónur. Síðan var dregið frá því verði „móttekin notuð myndavél“ að fjárhæð kr. 1.300, mismunur 630 norskar krónur, sem ákærði hefur haldið fram, að væri hið raunverulega kaupverð.

3. Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði hvorki sætt kærnum né refsingum.

4. Eins og atvikum er háttað, er óhjákvæmilegt að leggja til

grundvallar í málinu þá frásögn ákærða, að hann hafi keypt myndavélina og linsurnar í Osló 4. október 1976 og komið með þær til landsins samdægurs. Einnig verður að leggja til grundvallar þann framburð ákærða, að hann hafi lagt inn í viðkomandi verslun notaða vél sem hluta af kaupverðinu, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974.

Í 1. gr. tollskrárlaga nr. 6/1974, er þá giltu (nú nr. 120/1976), segir, að af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skuli greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögnum eða sérstökum lögum. Í 4. og 5. tl. 2. gr. sömu laga er gert ráð fyrir tollfrelsi vanalegs farangurs áhafna og farþega í farartækjum. Samkvæmt 42. tölulið 3. gr. laganna, er heimild til að fella niður með reglugerð aðflutningsgjöld af varningi farmanna og ferðamanna umfram þá muni, sem greinir í 4. og 5. tl. 2. gr., sbr. á þessum tíma reglugerð nr. 362/1975 (sbr. nú reglugerð nr. 151/1978). Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar er ákveðið hámark þess, sem flytja má inn tollfrjálst af varningi fengnum erlendis í ferðum auk fatnaðar og ferðabúnaðar, sem haft hefur verið með hédan til útlanda. Í 6. gr. er gert ráð fyrir framvísunarskyldu á öllum farangri sérhvers ferðamanns og sett skilyrði varðandi tollmeðferð, m. a. um, að þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram, sé tollyfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu annars vegar fyrir þá, sem hafa engan tollskyldan varning meðferðis við komu til landsins, og hins vegar fyrir þá, sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur, sem háður er innflutningstakmörkunum eða banni. Umrætt sinn notaði ákærði hlið, sem jafngilti því, að hann hefði gefið yfirlýsingu um, að hann hefði ekki tollskyldan varning.

Í 4. gr. tollskrárlaga er fjallað um vörur, sem koma til landsins úr viðgerð og annarri aðvinnslu. Samkvæmt greininni er það aðalreglan, að séu hlutir sendir til útlanda til viðgerðar og þeir breyti ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, skuli greiða aðflutningsgjöld af aðvinnslukostnaði. Hins vegar segir greinin, að ef munir þeir, sem sendir eru til útlanda til aðvinnslu, breyta svo eðli sínu, að úr verði nýir hlutir, skuli greiða af þeim gjöld eftir tollskránni, eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru. Hvergi er í greininni eða annars staðar í lögum gert ráð fyrir, að hægt sé að fá tollívilnun, ef gamall hlutur er seldur erlendis og söluverðið nýtt til kaupa á nýjum hlut. Ákærði getur því í engu notið þess í málinu að hafa selt gamla myndavél, um leið og hann keypti nýja.

Samkvæmt tollseðli, sem fram hefur verið lagður í málinu, er tollverð þess varnings, sem tollgæslan lagði hald á hjá ákærða umrætt sinn, 96.000 krónur og smásöluverð erlendis samkvæmt upplýsingum ákærða 1.930 norskar krónur. Verðmæti munanna hefur því farið fram úr mörkum 1. gr. reglugerðar nr. 362/1975, sem leggja ber til grundvallar samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1940, og samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar bar ákærða því umrætt sinn að nota tollafgreiðslu auðkennda með rauðu skilti. Þar sem ákærði gerði það ekki, hefur hann brotið gegn 60. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969 og unnið til refsingar samkvæmt 61. gr., sbr. 71. gr. laganna, sbr. lög nr. 71/1976. Refsingin telst hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 120.000 krónur til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna, ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Eftir atvikum þykir ekki alveg næg ástæða til að gera varning ákærða upptækan, og er sektarupphæð við það miðuð.

Einnig ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 að dæma ákærða til greiðslu á sakarkostnaði málsins, m. a. á málflutningslaunum skipaðs verjanda, Benedikts E. Guðbjartssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 40.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Laxdal Marinósson, greiði 120.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 15 daga.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m. a. málsvagnarlaun skipaðs verjanda, Benedikts E. Guðbjartssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð krónur 40.000.